

Brunahönnun timburhúsa með íbúð á efri hæð

Í grein 98.1 í byggingarreglugerð nr. 441 /1998 segir:

„Ekki má hafa sjálfstæða íbúð á efri hæð timburhúss, nema að fyrir liggi samþykkt brunahönnun.“

Í eldri byggingarreglugerð var ekki heimilt að hafa sjálfstæða íbúð á efri hæð timburhúsa. Ein af grundvallarbreytingunum sem varð á núverandi reglugerð er að fallið er að mestu frá beinum fyrirmælum um hvernig gera eigi bygginguna en það lagt í hendur hönnuða að sýna fram á að byggingin uppfylli grunnkröfurnar um öryggi.

Með því að taka sérstaklega fram að gera þurfi brunahönnun af timburhúsum með íbúð á efri hæð er ekki verið að gera strangari kröfur til þeirra en hefðbundinna staðsteyptra húsa heldur er verið að leggja áherslu á að um mun flóknari hús sé að ræða í brunatæknilegum skilningi.

Í hefðbundnum staðsteyptum íbúðarhúsum þar sem burðarveggir og gólfplötur mynda eina heild eru vandamál með samsetningar byggingarluta ekki til staðar.

Í timburhúsum þar sem byggingarlutar, t.d. gólf og veggir, eru byggðir úr mörgum samtengdum hlutum er allur frágangur mun vandasamari og fleiri artiði sem taka þarf sérstakt tillit til við hönnun og smíði.

Við hönnun timburhúsa og annarra einingahúsa þarf sérstaklega að gera grein fyrir eftirfarandi þáttum í hönnun:

1. Sýna skal uppbyggingu hæðaskila, samtengingu þeirra við út- og innveggi og hvernig byggingarlutar bregðast við hreyfingum sem verða á þeim í bruna. Hæðarskilin eiga að vera REI 90 samkv. gr. 104.8 og burðargrind hússins samkv. 132.6. Þegar innveggir eru jafnframt burðarveggir skulu þeir einnig vera samkv. gr. 132.6.
2. Séu íbúðir tvær eða fleiri á efri hæð skulu milliveggir vera EI 90. Sýna þarf fram á að tenging þeirra við hæðarskilin og út í útveggina sé með öruggum hætti.
3. Þegar verið er að endurnýja eldri hús og ekki liggur fyrir hvernig uppbygging lofta og veggja er getur þurft að opna byggingarlutann til að ganga úr skugga um samsetninguna. Þegar verið er að lagfæra gömul hús geta verið áhöld um það hvort húsin þurfi alfarið að uppfylla gildandi byggingarreglugerð. Sé ekki gerð krafa um það af hálfu sveitarfélagsins en eigendur vilja bæta húsin má benda á eftirfarandi aðgerðir sem eru vænlegar til að skila bættum brunavörnum:
 - Klæðningar á veggjum og loftum séu hafðar í flokki 1.
 - Rafkerfi íbúða séu algerlega aðskilin.
 - Tvær óháðar útgönguleiðir séu úr hverri íbúð.

Ofangreindar reglur gilda einnig um aðrar gerðir húsa sem byggð eru á svipaðan hátt, s.s.stálgrindahús.